

Foreldrastefna Arnarsmára

Í Arnarsmára er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar/forráðamenn beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin.

Þegar barnið byrjar í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli forráðamanna og kennara. Skólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og forráðamenn þeirra. Deildarstjórar og/eða kennarar bjóða forráðamönnum samtal tvisvar á ári og oftár ef þörf krefur. Í foreldrasamtölum gefst tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Einnig geta forráðamenn haft samband símleiðis við kennara eða með tölvupósti.

Foreldrafundur með öllum foreldrum/forráðamönnum er haldinn að hausti í þeim tilgangi að kynna skólanámskrá og aðrar áætlanir og miðla upplýsingum um uppeldisstarfið í skólanum. Skipst er á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra/forráðamanna í skólasterfinu.

Ef kennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt, ber þeim að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar sbr. 17. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskólans undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi.